

## **Aðalstjórn Völsungs**

10.1.2019

Vallarhús

kl. 16:30

Mætt: Heiða Elín Aðlsteinsdóttir, Hallgrímur Jónsson, Lilja Friðriksdóttir, Davíð Þórólfsson, Bergþóra Höskuldsdóttir, Jóna Björk Gunnarsdóttir og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

### **1. Starfshópur um afreksstarf**

Á fundi aðalstjórnar 26.9.2018 var samþykkt að skipa starfshóp sem myndi fá það verkefni að skilgreina afreksstarf innan íþróttafélagsins Völsungs. Starfshópurinn skipuðu Lilja B.

Rögnvaldsdóttir, Bjarni Páll Vilhjálmsson og Jóhann Kristinn Gunnarsson. Jóhann Kristinn mætti til fundarins og fór yfir niðurstöður starfshópsins.

Starfshópurinn leggur til við aðalstjórn að hún sendi erindi á sveitarfélagið og óski eftir því að það móti sér stefnu í íþrótt- og æskulýðsmálum. Skýr stefna tryggir að allir þeir sem starfa innan málaflokksins stefni í sömu átt með það að markmiði að efla íþrótt-, æskulýðs- og tólmstundastarf. Stefnan er einnig mikilvæg forsenda þess að íþróttafélög, tólmstundafélög, æskulýðsfélög, félagasamtök og frjáls félög geti sinnt hlutverki sínu vel.

*Íþróttafélagið hvetur Norðurþing til að móta sér stefnu í íþrótt- og æskulýðsmálum.*

### **2. Drög að verkefnalista aðalstjórnar**

Fyrir fundinum liggja drög að verkefnalista fyrir starfsárið 2019.

*Lagt fram.*

### **3. Fundargerð v/vallarmála 4.1.2018**

Fundargerð vegna vallarmála 4.1.2018 lögð fram.

*Lagt fram.*

### **4. Fundargerð B&U 3.12.2018**

Fundargerð barna- og unglíngarás frá 3.12.2018.

*Lagt fram.*

### **5. Fundargerð meistaraflokka frá 18.12.2018**

Fundargerð meistaraflokka frá 18.12.2018.

*Lagt fram.*

## **6. Starfsmannamál vallarhús**

Starfsmannamál í vallarhúsi til umræði.

Gert er ráð fyrir að ráða starfsmann í 30% starf við ræstingar í félagsaðstöðu Völsungs.

*Búið er að ráða tímabundið í starfið en leit að framtíðarstarfsmanni er í gangi.*

## **7. Ferðasjóður ÍSÍ**

Ferðasjóður íþróttafélaga hefur fengið árlegt framlag á fjárlögum Alþingis, allt frá árinu 2007, til úthlutunar til íþrotta- og ungmennafélaga í landinu vegna keppnisferða innanlands. Íþrotta- og ólympíusamband Íslands hefur haldið utan um umsjón á útreikningum og úthlutun úr sjóðnum. Umsóknarfrestur var til 9. janúar 2019 vegna ársins 2018.

Völsungur sendi umsókn í sjóðinn 8.1.2019.

*Lagt fram.*

## **8. Fundur með PCC**

Framkvæmdastjóri fór á fund með PCC 9.1.2019 til að kynna félagið ásamt því að óska eftir samstarfi við fyrirtækið.

*Framkvæmdastjóri fór yfir málið.*

## **9. Aðalbók íþróttavalla 2018**

Búið er að bóka íþróttavellina fyrir árið 2018. Vellirnir eru reknir með tapi uppá 3.188.898 kr. Norðurþing tók við rekstri íþróttavalla frá og með áramótum.

*Lagt fram.*

## **10. Greiðsluáætlun vegna samstarfssamnings við Norðurþing**

Fyrir fundinum liggur greiðsluáætlun vegna samstarfssamnings við Norðurþing. Gert er ráð fyrir 12 jöfnum greiðslum í áætluninni.

*Lagt fram.*